

## Fiskeldisstöð Rifóss að Lóni í Kelduhverfi

### Breyting á deiliskipulagi

Í breytingu á deiliskipulagi er gert ráð fyrir þeim möguleika að byggja skýli eða hús yfir þau 20 eldisker sem gert er ráð fyrir innan byggingarreits (C) austan aðkomuvegar.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Skilmálar breytast innan byggingarreits C fyrir eldisker austan aðkomuvegar.
- Skv. gildandi skilmálum er heimilt að byggja allt að 16 fiskeldisker innan byggingarreits, sem hvert um sig er allt að 15 m í þvermál og 500 m<sup>3</sup> að rúmtaki. Þá er heimilt innan byggingarreits byggja allt að 4 fiskeldisker sem eru allt að 24 m í þvermál og 1.400 m<sup>3</sup> að rúmtaki.
- Skv. gildandi skilmálum er hámarksvegghæð kerja frá botni 4,0 m, eða 3,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar. Sú breyting er gerð að hámarksvegghæð kerja hækkar um 1,0 m og verður hámarksvegghæð kerja því 5,0 frá botni og 4,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.
- Þá er sú breyting gerð að í stað þess heimilt sé að byggja þak yfir kerin með hámarkshæð þaks 2,5 m yfir veggħæð kerja verður heimilt að byggja skýli eða hús með mænisþaki yfir öll ker innan byggingarreits. Mænishæð er að hámarki 9,0 m frá botni kerja og því 4,0 m yfir veggħæð kerja.
- Bætt er við þeim skilmálum að við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker verði tekið mið af umhverfinu til að mannvirkri falli sem best að landslagi.

Skilmálar fyrir byggingarreit C fyrir og eftir breytingu eru eftirfarandi:

### Gildandi skilmálar:

Kerin verða staðsett austan núverandi vegar sem liggur að Seiðastöð og gert er ráð fyrir að botn kerja verði um 1,0 m undir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Hámarksvegghæð kerja frá botni er 4,0 m, eða 3,0 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar. Heimilt er að hafa göngubrú ofan á kerjum og skal handrið vera a.m.k. 0,9 m að hæð frá brúargolfi. Heimilt er að byggja þak ofan á kerin og er hámarkshæð þaks 2,5 m yfir veggħæð kerja. Pakhæð er að hámarki sú sama og hæð á turni fiskeldisstöðvar eða 5,15 m yfir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

### Breyttir skilmálar:

Kerin verða staðsett austan núverandi vegar sem liggur að Seiðastöð og gert er ráð fyrir að botn kerja verði um 1,0 m undir yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Hámarkshæð kerja frá botni er 5,0 m eða 4,0 m frá yfirborðshæð aðliggjandi vegar.

Heimilt er að byggja skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits, eitt eða fleiri í senn.

Veggħæð húsanna má vera allt að 5,5 m, þau skulu vera með mænisþaki og mænishæð að hámarki 9,0 m frá botni kerja.

Mæniss Stefna skal vera sú sama á öllum skýlum (húsum) sem reist verða innan byggingarreitsins.

Pak- og veggfletir skulu vera í brúnum, gráum, grænum eða öðrum náttúrulegum tónum í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru á svæðinu. Þá skal við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker tekið mið af umhverfinu til að mannvirkri falli sem best að landslagi.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

Breyting á deiliskipulagi er unnin í samráði við landeigendur.

### Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulagsbreytingar eftir auglýsingar- og kynningarartíma:

- Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar er aðstæðum á skipulagssvæðinu lýst nánar ásamt áhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar á jarðmyndanir sem eru taldar óverulegar.
- Vegna umsagnar Umhverfisstofnunar er bætt við þeim skilmálum að við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker verði tekið mið af umhverfinu til að mannvirkri falli sem best að landslagi.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 27.06.2013 ásamt breytingu á deiliskipulagi sem öðlaðist gildi 17.05.2018.



### GILDANDI DEILISKIPULAG

#### Umhverfisáhrif

Fyrir eru á svæðinu byggingar og eldisker á landi ásamt öðrum mannvirkjum vegna núverandi starfsemi Rifós. Fyrirhuguð hús eða skýli yfir eldisker eru með a.m.k. 3,0 m meiri mænihæð en núverandi byggingar en skýlin skulu vera með mænisþaki eins og núverandi byggingar. Þá eru skilmálar að pak- og veggfletir skuli vera í brúnum, gráum, grænum eða öðrum náttúrulegum tónum í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru á svæðinu, auk þess sem við hönnun skýla eða húsa yfir fiskeldisker skal tekið mið af umhverfinu til að mannvirkri falli sem best að landslagi. Vegna þess er ekki talið að sjónræn áhrif uppbyggingar skv. breytingu deiliskipulagi verði neikvæð.


Skipulagssvæðið er á nútímahrauni skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fellur undir sérstaka vernd skv. lögum nr. 61/2013 um náttúruvernd. Byggingarreitur fiskeldiskerja (C) er allur hulinn lausum jarðefnum, þ.e. sandi og mold. Þar er því ekki um að ræða jarðmyndanir með verulegt verndargildi. Á byggingarreit F standa klappir að nokkru leyti upp úr lausa jarðveginum, en þar er engu að síður um að ræða jafnt yfirborð án mikilvægra jarðmyndana. Byggingarreitir voru á sínum tíma valdir með það í huga að lágmarka röskun hrauns og þar sem ekki er verið að stækka byggingarreiti eru áhrif breytingarinnar á jarðmyndanir talin óveruleg.

Umhverfisáhrif breytingar á deiliskipulagi eru talin óveruleg.

#### Tengsl við aðrar áætlanir

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Þá er uppbygging skv. breytingu á deiliskipulagi í samræmi við gildandi starfsleyfi sem nær til ársloka 2027.



AÐALSKIPULAG NORDURÞINGS 2010-2030

#### SKÝRINGAR

MÓRK SKIPULAGSSVÆÐIS

JARDMÓRK

LÓÐAMÓRK

NÚVERANDI BYGGINGAR

SVÆDI FYRIR GÁMA

SV1 = VARARAFSTÖÐ OG BIRGÐASTÖÐ

SV2 = FÓÐURKERFI

BYGGINGARREIT

A = SEIÐASTÖÐ - FISKELDISSTÖÐ

B = SUNDLAUGARHÚS

C = FISKELDISKER (20 ST.)

D = SLÁTURNHÚS

E = FÓÐURSTÖÐ/GEYMSLA

F = NÝ SEIÐASTÖÐ

G = FISKELDISKER (1 ST.)

NUV. BYGG. UTAN SKIPULAGSSV.

AKVEGIR

NUV. ELDISKVÍAR

SVÆDI FYRIR ELDISKVÍAR

NUV. ELDISKER

BORHOLA - KALT VATN

ROTÞRÓ

LÓÐARSTÄRD

MINJAR

DEILISKIPULAGSBREYTING PESSI SEM

AUGLÝST HEFUR VERID SKV. 1. MGR.

43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

FRÁ 2/12/2018 TIL 8/2/2049

VAR SAMÞYKT Í SVEITARSTJÓRN

ÞANN 19/2 2019

*Krisjan Þ. Þorvaldsson / Minn*

SVEITARSTJÓRI NORDURÞINGS

DEILISKIPULAGSBREYTING PESSI ÖÐLAÐIST

GILDI MED AUGLÝSINGU Í B-DEILD

STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

12.02.2019. BREYTT EFTIR AUGLÝSINGAR- OG KYNNINGARTÍMA

NORDURÞING - KELDUHVERFI

RIFÓS - FISKELDISSTÖÐ

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

KVARDI-A3: 1:2000 TEIKN NR.: 001

DAGS: 29.11.2018 HANNAD: Ó

FLO-KUR: 6100 TEIKNAD: Ó

SKR: VERKNR: 17210



LANDSLAG

LANDSLAGSHÖNNUN - SKIPULAG

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 11 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 558 5500

KAUPANGI VIMYRARVEG - 600 AKUREYRI - SÍMI: 460 4440

WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS